

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík

Reykjavík 12. janúar 2008

Efni: umsögn um þingskjal 321 — 287. mál: Frumvarp til laga um leikskóla.

Íslenskri málnefnd hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um leikskóla. Málnefndin leggur til að breyting verði gerð á 2. gr. frumvarpsins (Markmið).

2. gr.

Næst á eftir lið a. komi inn nýr liður:


b: að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,

Íslensk málnefnd telur mikilvægt að taka af öll tvímæli um hlutverk leikskóla í máltöku barna og leggur því til að aftan við upptalninguna a.– e. verði bætt:

Kennsla, umönnun og uppeldi barna í leikskólum skal fara fram á íslensku.

Með þessu móti telur Íslensk málnefnd best tryggt að leikskólabörn fái þá málörvun sem þau þarfnast á því aldursskeiði.

Virðingarfyllst,



Guðrún Kvaran,
formaður Íslenskrar málnefndar